

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Tónleikar
- Smári

Næsti Pési kemur út 16.mái 2013

Efni í Pésann

VERÐUR að

berast í

síðasta lagi

13.mái

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
SS fréttir	7
Kosningar	9
Tónleikar	10
Rusladagur	14
Hrossarækt	16
Karлакórin	19

Apríl 2013

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/>

[Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts](http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

23. árgangur. 270. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Frá Bókasafni Hrunamanna

Vinsamlegast athugið breyttan
opnunartíma í sumar.

Opið í apríl:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18



Frá og með 1. maí – 31. ágúst:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	LOKAÐ

Munið! **Alltaf** hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna ☺

Verið velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Sveitarstjórapistill

Aprílmánuður er runninn upp og manni er skapi næst að lýsa því yfir að vorið sé komið, a.m.k. að degi til. Trúlega fer því að snjóa þegar þessi Pési kemur út. Þetta hefur verið skrytinn vetur, varla komið snjótutla í allan vetur, og það verður eflaust að grafa langt aftur í fortíðina til að finna eitthvað sambærilegt. Það liggur við að maður sé farinn að kvíða sumrinu ef veðurguðirnir launa okkur ekki með einhverri úrkomu, svona vatnsbúskapsins vegna.

Nú er nýbakaður ruslamálaráðherra búinn að taka ákvörðun hvenær hinn árlegi rusladagur verður haldinn. Það stendur til að taka þá nýbreyttu upp að halda hann á skólatíma fyrir hádegi þann 26. apríl og fá alla nemendur Flúðaskóla með og halda svo grillveislu í kjölfarið. Það verður spennandi að prófa þetta því þátttakan á Flúðum var orðin dræm og hvet ég alla fullorðna sem eiga heimangengt og vinnuveitendur að sýna skilning til að sem flestir getir tekið þátt í þessum merkisviðburði. Í þessu sambandi vil ég einnig hvetja fyrirtæki á Flúðum sérstaklega að taka til á lóðum sínum en margt mætti betur fara í þeim efnum.

Þau mættu einnig huga að þeim möguleika að reisa girðingar í kringum athafnasvæði sín til að ásýnd svæðisins verði betri. Þá vil ég einnig hvetja fólk og fyrirtæki til að klippa hraustlega tré og runna, sem standa út á götur og gangstéttar til að hægt sé að komast greiðlega um þær.

Það ber á því að erfitt er að keyra stóra bíla, eins og sorpbíla, án þess að rekast í greinar. Hugum að því að við eigum að stjórna skóginum en hann ekki okkur.

Þá minni ég á að við erum farin að kurla trjáúrgang á gámasvæðinu, sem við ætlum að nota í umhverfisverkefni í sumar.

Á vettvangi sveitarinnar þá er búið að óska eftir tilboðum í gatnaframkvæmdir á Ásastíg og það verður gaman að sjá götumyndina þegar því er lokið. Haldinn verður fundur með eigendum húsa við Ásastíg til að fara yfir framkvæmdina og ræða leiðinlega þáttinn við svona framkvæmdir en það er seinni hluti gatnagerðargjalda.

Þá er einnig farið að vinna í útboðsgögnum vegna blátunnuvæðingarinnar og búið að panta tunnur og kör vegna verkefnisins.

Hreyfing er komin á úthlutun lóða og búið er að úthluta parhúsalóðinni Austurhófi 1a-1b og er vonandi að framkvæmdir geti hafist fljótlega en eins og menn vita er skortur á íbúðum á Flúðum.

Málefni Skólaskrifstofu Suðurlands eru enn í brennidepli og vonandi næst að leysa þessi mál þannig að skólarnir okkar bíði ekki tjón af þessu máli öllu saman.

Nú liggur ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir og kemur núna til fyrri umræðu í hreppsnefnd og síðan til seinni umræðu í byrjun maí.

Niðurstaða hans verður síðan kynnt á íbúafundi í kjölfarið.

Annars er gaman að fylgjast með starfi skólanna okkar, börnin komin á „vorbeit“ og það er greinilega vor í lofti. Það er virðingarvert að verið sé að halda skáknámskeið í Flúðaskóla og þeir sem að því standa eiga þakkir skildar. Þá var aðdánleg þátttaka í Halldórsmótinu í Flúðaskóla og sómi að því að liðka heilann með þessum hætti. Eina sem vantar í þúsluspilið er að stelpurnar gefi sig aðeins meira í þetta sport og vil ég hvetja allar stelpur til að láta ekki strákana eiga þetta svið.

Það er gaman að sjá hvað mikið líf er í kringum Reiðhöllina á Flúðum þessa dagana. Uppsveitardeild Uppsveita, sem nú er kennd við Íshesta, er á fullu og unglíngarnir líka í sinni deild.

Reiðmaðurinn á fullu og síðan námskeið í reiðmennsku svo eitthvað megi telja.

Nú er verið að reyna að halda áfram með að klára innansleikjurnar í reiðhöllinni en þær eru eins og við er að búast drjúgar.

Þessi starfsemi byggist mikið á því að fólk sé tilbúið að styrkja hana með ráðum og dáðum og hvet ég velunnara til að leggja lið ef hægt er.

Það var gaman að sjá hvað páskarnir fóru vel fram.

Mikið var af fólki á svæðinu og greinilegt að sumarbústaðarnir í hreppnum voru vel nýttir. Ferðamannatíminn hefur greinilega færst heldur betur fram því aldrei hafa fleiri ferðamenn verið á ferðinni yfir vetrartímann en nú. Þetta er trúlega ástand sem við þurfum að að búa okkur undir að verði viðvarandi og vonandi gefur þetta ferðaþjónustuaðilum á svæðinu tækifæri að búa til fleiri heilsársstörf í greininni.

Nú fer að líða að vori og þá förum við að kveikja á vor- og sumarverkum. Farið verður að auglýsa eftir krökkum sem myndu vilja vera í vinnuskólanum í sumar en fyrirhugað er að hafa sama kerfi á honum og í fyrra.

Annað sem fylgir vorinu núna er að starfsmenn áhaldahússins eru byrjaðir á að staðsetja rotþrær við íbúðar- og sumarhús á þeim svæðum sem verða hreinsuð í sumar en sama fyrirkomulag er á því og í fyrra. Eitthvað er um að rotþrær séu ekki með fullnægjandi hætti og vil ég hvetja eigendur þeirra fasteigna að huga að endurnýjun þeirra. Rotþrær eru víst eins og önnur mannanna verk, forgengileg.

Eitt er það sem ég vil biðja kattaeigendur á Flúðum um og það er að skrá og láta merkja sína ketti ef þeir eru ekki þegar búnir að því. Ef ekki er passað upp á þetta þá er hætta á að ómerktum köttum verði fargað ef til þeirra næst.

Montþáttur þessa pistils er að vekja athygli á því að „eldri“ Hrunamenn náðu þeim áfanga að verða Íslandsmeistarar í 2. deild karla í blaki á dögnum. Það hittist þannig á að deildin spilaðist þannig að hreinn úrslitaleikur varð um titilinn við HK 2 hér á Flúðum. Fjöldi manns mættu á leikinn og fyrir hönd blakdeildar UMFH vil ég þakka áhorfendum sérstaklega fyrir frábæran stuðning. Harðsperrurnar eftir leikinn eru síðan smá saman að renna af okkur körlunum.



Að lokum vil ég hvetja alla kjörgenga til að taka þátt í íbúakosningum um gatnamótin við búðina á Flúðum þann 27. apríl n.k. og nýta sér þannig möguleika sína til að hafa áhrif á mótun framtíðarskipulags Flúða. Höfum það síðan gott saman.

Jón G. Valgeirsson



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



- Ársreikningagerð
- Framtalsgerð
- Skattaráðgjöf
- Fyrirtækjaráðgjöf

Sigurjón Snær Jónsson

Viðskiptafræðingur/M.Acc.

Beinn sími: 595-2509

Farsími: 866-9035

Netfang: sigurjon.jonsson@is.ey.com

ERNST & YOUNG



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866
OPIÐ VIRKA DAGA 9-18
LAUGARDAGA 11-14

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Upplit
Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Handverkssýning

Okkar árlega handverkssýning verður í Félagsheimilinu þriðjudaginn 30. apríl frá kl. 13 – 18.

Kaffihúsastemning, lifandi tónlist. Kaffi og meðlæti á hóflegu verði. Kæru sveitungar! Komið og kynnið ykkur vetrarstarf eldri Hrunamanna. Hlökkum til að sjá ykkur.

Kveðja,
Árni, Bubba og Sigga

Minum á að hin árlega ferð okkar út í vorið verður farin þriðjudaginn 7. maí kl. 10 frá Félagsheimilinu.

Vinsamlega látið vita um þátttöku til Bubbu, sími 486 6670 eða Siggu, sími 486 6634 / 8646776.

Syngjandi vor

Munum eftir tónleikum á vegum Inga Heiðmars Jónsonar þann **11. apríl kl. 15:30 í Félagsheimilinu**. Enginn aðgangseyrir en kaffi verður til sölu að tónleikum loknum.

Kveðja,
stjórn FEH

Fagrilundur **Nýtt gistihús í Reykholti**

Opnar 15. apríl 2013

Gisting og morgunverður í litlu gistihúsi í notalegu umhverfi 6 herbergi eru í húsinu, þar af tvö stór á efri hæð, með sér baðherbergi sem henta t.d. vel fyrir fjölskyldur.

Fjögur minni herbergi á neðri hæð

www.fagrilundur.is

486-8701 og 891-8106

S.S.Fréttir.

Föstudaginn 22. mars sl. var aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, haldinn að Goðalandi í Fljótshlíð. Kjörnir fulltrúar úr Hrunamannadeild voru, Eiríkur á Grafarbakka, Bjarni Valur í Skipholti, Esther á Sólheimum auk deildarstjóra. Fram kom að félagið skilaði góðum rekstri, sem þakka má tryggjum viðskiptavinum. Til að tengja enn betur saman gengi félagsins og ávinning bænda, sem skipta við það, hefur stjórn S.S. samþykkt uppbótastefnu, sem lýtur að þessu markmiði. Allt um þetta í fréttum á vef www.ss.is. Þar má einnig fletta ársskýrslunni.

Með kærri kveðju og þakklæti fyrir góðan hug til Sláturfélags Suðurlands.

Jóhanna Hrafnkelsstöðum

Minilik Ethiopian Restaurant

Sími: 846 9798

Opið í apríl: Þriðjud-föstudaga: 18:00-21:00

Laugard-sunnudaga: 15:00-21:00

Í apríl er lokað á mánudögum.

Nýtt á Minilik

Tveir kjúklingaleggir í epiópískri sósu,grjón og salat.

Aðeins afgreitt sem "take away"

Panta þarf með 30 mín.fyrirvara

Verð kr: 1300.



Úti-jóga á Flúðum

Tímarnir hefjast með stuttri upphitun, síðan er létt ganga með nokkrum stöppum á skjólsælum stöðum þar sem við gerum jógaæfingar. Í lokin er slökun / hugleiðsla.

Tími: Þriðjudagar og Fimmtudagar kl. 17:30 – 18:30

Upphafstaður: Við Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum

Það er einstök upplifun að ástunda jóga úti í náttúrunni. Allir eru hjartanlega velkomnir, reynsla af jóga er ekki nauðsynleg. Ath. að klæða ykkur eftir veðri.

Nánari upplýsingar í síma: 8980677

Aðalheiður Jónsdóttir
Jógakennari



Kynningarfundir um starfsemi



og næstu styrkúthlutun

SASS – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga kynnr starfsemi sína á fundum á Suðurlandi á næstu vikum. Kynnt verður þjónusta sem SASS veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sveitarfélögum og félagasamtökum.

Einnig verður kynnt næsta styrkúthlutun SASS sem auglýst verður nú í apríl.

Fundarstaðir og tími:

- 8. apríl Vík – Halldórskafti súpufundur kl. 12:00 – 13:00
- 8. apríl Klaustur – Systrakaffi kl. 16:00 – 17:00 (kaffi og með því)
- 9. apríl Hella – Safnaðarheimili Oddakirkju súpufundur kl. 12:00 – 13:00
- 10. apríl Vestmannaeyjar – Hótel Vestmannaeyjar súpufundur kl. 12:00 – 13:00
- 15. apríl Flúðir – Hótel Flúðir súpufundur kl. 12:00 – 13:00
- 16. apríl Selfoss – fundarsalur Austurvegi 56, 3. hæð, súpufundur kl. 12:00 – 13:00
- 17. apríl Hveragerði – Hótel Örk súpufundur kl. 12:00 – 13:00
- 18. apríl Eyrarbakki – Félagshéimilið Staður súpufundur kl. 12:00 -13:00
- 19. apríl Þorlákshöfn – Svarti sauðurinn súpufundur kl. 11:00 - 12:00

Allir velkomnir



Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til fimmtudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

Laugarvatn Fontana býður ykkur að njóta gufunnar í vetur á sérstökum kjörum. Síminn okkar er sem áður 486 1400.

Opið virka daga í vetur frá 13:00 til 21:00 en um helgar 11:00 til 21:00.

LAUGARVATN
fontana

Heilsulind frá landnámi



Hrunamannhreppur

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 18. júní til og með 19. júlí í sumar. Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 1995 –1999.

Skriflegar umsóknir þurfa að berast fyrir 10. maí á Skrifstofu Hrunamannhrepps.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 ,
eða á netfang: hruni@fludir.is



Jóga fyrir 60 ára og eldri

Létt jógaleikfimi þar sem áhersla er lögð á liðkandi æfingar, teygjur og öndunaræfingar. Einnig gerum við æfingar til að efla jafnvægi og einbeitingu og endum tímann síðan á slökun.

Staður: Heimaland (kjallari)

Tími: Fimmtudagar kl. 10:00

Allir velkomnir. Það er ekki þörf á að hafa reynslu af jóga. Æfingarnar gerum við sitjandi á stól eða standandi, allt eftir hentugleikum og getu hvers og eins.

Nánari upplýsingar í síma 8980677.



Aðalheiður Jónsdóttir
jógakennari



VÖRÐUKÓRINN

Vörðukórinn - Sunnlenskir tónar

Tónleikar í Selfosskirkju föstudaginn 19. apríl kl. 20:30

Á dagskránni verða:


Ný, lítt þekkt og vel þekkt verk eftir sunnlensk tónskáld.
(Elín Gunnlaugsdóttir, Loftur S Loftsson, Stefán Þorleifsson,
Sigurður Loftsson, Hreiðar Ingi Þorsteinsson.)

Íslensk þjóðlög

Íslensk kirkjutónlist

Stjórnandi: Eyrún Jónasdóttir

Undirleikari: Stefán Þorleifsson




Þessi dagskrá verður hluti af efnisskrá Vörðukórsins í tónleikaferð til Berlin, sem farin verður í haust.

Auk Vörðukórsins koma fram, Snæbjörg Gunnarsdóttir og Hróðmar Sigurðsson, sem munu frumflytja eigið verk.

Aðgangseyrir kr. 2500.

Ath. Þetta verða einu tónleikar Vörðukórsins á Suðurlandi í vor, en tónleikarnir verða endurteknir í Fella- og Hólakirkju í Reykjavík miðvikudaginn 24. apríl n.k. kl. 20:00.





Ullargámur er staðsettur á Smiðjustíg 10 Flúðum, við skemmu Flúðaleiðar, til 20. apríl 2013.
Hægt er að fá tóma ullarpoka á staðnum án endurgjalds!



Vinsamlega gangið vel um Gámasvæðið og setjið sorpið í viðeigandi gáma.
Ekki svona subbuskap!!
Með kveðju gáma kallinn.

Aðalfundur Nautgriparéktarfélagss Hrunamanna var haldinn þann 25. mars síðastliðinn. Góð mæting er alltaf á þessa fundi og áhugi mikill á ræktunarstarfi hér í sveit, sem kemur best fram í því að stórt hlutfall nauta sem í boði eru, eru úr Hrunamannahreppi.

Á fundinum voru veitt verðlaun fyrir afurðahæsta búíð 2012 sem var Dalbær með 7.525 kg mjólk 565 kg MFP, eftir ársku.

Afurðahæsta kýrin, sem einnig var frá Dalbæ var hún Villa 254, en hún mjólkaði á síðasta ári 10.923 kg mjólkur.

Ræktunarbú ársins 2012 var Birtingaholt 1 6.674 kg mjólk. 487 kg MFP -47 kg aukn. í MFP á milli ára eftir ársku.

Efnilegasta kvígan var líka frá Birtingaholti 1, en það er hún Búkolla 1542 með 296 stig, hún bar sínum fyrsta kálfi 22 mán. er með 89 stig í útlitsdóm og 118 í afurðaeinkunn, sem er mjög efnilegt.

Stjórn félagsins skipa Gunnlaugur Magnússon Miðfelli formaður, Páll Jóhannsson Núpstúni gjaldkeri og Sigríður Jónsdóttir Fossi ritari.

Stjórnin

Jón Viðar í Dalbæ og Bogi Pétur fjósameistari í Birtingaholti 1.



Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Selfossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl. 14:00.
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.
Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Opnunartími:

Mánudaga – fimmtudaga frá 16:00 – 21.30.

Föstudaga frá 13.00 – 18.00.

Ef mót eru í gangi, þá er opið á laugardögum frá 11.00 – 15.00.

Nánar auglýst á heimasíðu hreppsins.

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	10:00-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Rusladagur = umhverfisdagur

Stefnt er að því að taka til og fjarlægja allt rusl í Hrunamannahreppi föstudaginn 26. apríl.

Að þessu sinni munu allir nemendur Flúðaskóla taka virkan þátt í tiltektinni á Flúðum og verður hafist handa fyrir kl. 9 um morguninn og stefnt að því að Flúðahverfið verði orðið snyrtilegt og laust við allt rusl um hádegi. Ruslapokar og einnota hanskar verða afhentir við skólann um morguninn. Íbúar á Flúðum (og aðrir sveitungar) eru hvattir til að taka daginn snemma, mæta við skólann fyrir kl. 9 og taka virkan þátt í hreinsunaráttakinu. Þá er ætlunin að þakka fyrir góða frammistöðu með því að bjóða upp á pylsur og svaladrykk við skólann í hádeginu og eru allir þátttakendur velkomnir þangað.

Skorað er á alla íbúa sveitarfélagsins að fjarlægja allt rusl af umráðasvæði sínu og stuðla þannig að því að fallegi hreppurinn okkar líti enn betur út og verði okkur öllum til sóma.

Ruslabrenna verður venju samkvæmt um kl: 18:00 á gámasvæðinu.

Hvatt er til þess að dósir og flöskur flokkist sér, krakkarnir í 9. bekk stefna á Danmerkurferð í haust þannig að tilvalið er að afhenda þeim slíkar umbúðir til fjáröflunar.

Rétt er að minna á að hægt er að fá járnagáma endurgjaldslaust þar sem þeirra er þörf með því einu að hafa samband við Tómas Þóri Jónsson í síma 899 3092. Gámasvæðið er alltaf opið og Tómas Þórir er ávallt tilbúinn að aðstoða við flokkun rusls og annað sem snýr að sorpmálum.

Ef svo óheppilega og ólíklega vill til að jörð verði ekki auð og/eða veðráttan óhagstæð þann 26. apríl verður hreinsunaráttakinu frestað og fundinn heppilegur dagur í maí.

Með vinsemd og virðingu,

Gunnar Þór Jóhannesson Ruslamálaráðherra 2013,

sími: 868 1245

Stóðhestar hjá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna 2013.

Fyrri gangmál:

Jarl frá Árbæjarhjáleigu II 2007186992

F: Stáli frá Kjarri M: Elding frá Árbæjarhjáleigu

Jarl var sýndur fyrst fjögurra vetra gamall árið 2011 og fékk strax fyrstu verðlaun og aðaleinkunn 8,16 og hækkaði síðan í 8,21 á Landsmótinu það ár.

Jarl var sýndur aftur í fyrri og fékk þá 8,38 í aðaleinkunn og á Landsmótinu í fyrri fékk hann 8,34 í einkunn.

Hæsti dómur skiptist þannig: Sköpulag: 8,36

Hæfileikar: 8,40 Aðaleinkunn: 8,38

Kynbótamat Jarls er 121 stig

Verð á tolli er: 100.400 krónur með virðisaukaskatti

Eftirlitsgjald og sónar kosta 7.530 krónur með virðisaukaskatti fyrir félagsmenn. Girðingargjald, eftirlitsgjald og sónar kosta 25.100 krónur með virðisaukaskatti fyrir aðra.



Seinna gangmál:

Fróði frá Staðartungu 2002165311

F: Hágangur frá Narfastöðum M: Vænting frá Ási 1

Fróði vann A-flokk gæðinga á Landsmótinu í fyrri og hefur staðið sig vel í ístölti og víðar.

Hæsti kynbótadómur Fróða er frá árinu 2008 er hann var sex vetra og skiptist hann svo.

Sköpulag: 8,20 Hæfileikar: 8,85 Aðaleinkunn: 8,59

Kynbótamat Fróða er 116 stig og hafa fjögur afkvæma hans skilað sér í kynbótadóm.

Verð á tolli er: 125.500 krónur með virðisaukaskatti

Eftirlitsgjald og sónar kosta 7.530 krónur með virðisaukaskatti fyrir félagsmenn

Girðingargjald, eftirlitsgjald og sónar kosta 25.100 krónur með virðisaukaskatti fyrir aðra.

Pantanir berist til Sigurðar Hauks í síma 894-3059 eða í netfangið skolla-grof@skollagrof.is, félagsmenn hafa forgang að hestunum til 1.maí k.. Sú kvöð er á leigunni á Fróða að ef hesturinn selst þá fellur leigan á honum til félagsins niður.



Fréttir frá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna.

Aðalfundur félagsins var haldin 10.mars s.l. Veitt voru verðlaun fyrir hæst dæmdu kynbótahross frá félagsmönnum sem sýnd voru árið 2012. Efsti stóðhestur var Hljómur frá Túnsbergi og efsta hryssa var Monika frá Miðfelli, sem þó var aðeins fjögurra vetra gömul. Þá var Efra-Langholt útnefnt hrossaræktarbú ársins 2012, en það var reiknað út frá árangri hrossa í kynbótadómi og keppni á árinu sem fædd eru á viðkomandi búi.

Anton Páll Níelsson reiðkennari með meiru hélt svo fyrir okkur fróðlegt erindi um ýmislegt viðkomandi tanningum og þjáfun hrossa, sem og ræktun.

Grímur Guðmundsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður og í hans stað var kosinn (klappaður upp) Styrmir Þór Þorsteinsson og eru Grími þökkuð hans störf fyrir félagið og Styrmir boðinn velkominn til starfa.

Visindaferð:

Árleg ferð

Hrossaræktarfélagins verður farin laugardaginn 13. apríl n.k. og verður farið suður yfir heiði og gerð úttekt hjá nokkrum ræktendum og þjálfurum þar syðra, þar sem fara á þetta langt þarf að panta í ferðina fyrir fram til hægt sé að hafa rútu af hæfilegri stærð.



Áætlað er að leggja af stað frá Flúðum kl. 12 og koma heim eigi síðar en kl. 22.

Verð í ferðina er krónur 2.500 og greiðist í reiðufé í rútnni.

Pantið í ferðina í síma 894-3059 eða í netfangið skollagrof@skollagrof.is í síðasta lagi fyrir kl. 12 föstudaginn 12.apríl.

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Aðalfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps var haldinn 3. apríl síðastliðinn. Kosid var um nýjan ritara þar sem María Magnúsdóttir gaf ekki kost á sér til setu áfram. Ingibjörg Steindórsdóttir var kosin í stjórn í hennar stað. Jafnframt voru nýir meðstjórnendur kosnir en þeir eru Hanna Lára Bjarnadóttir, Lára Þórsdóttir og Kolbrún Sveinsdóttir. Við bjóðum nýjar konur í stjórn og meðstjórn, velkomnar til starfa og færum Maríu Magnúsdóttur kærar þakkir fyrir vel unnin störf síðustu 6 ár. Núverandi aðalstjórn félagsins er þannig skipuð: Anna Kr. Ásmundsdóttir, formaður, Helena Eiríksdóttir gjaldkeri og Ingibjörg Steindórsdóttir, ritari.

Öllum nefndum sem starfað hafa frá síðasta aðalfundi til þessa aðalfundar eru þökkúð vel unnin störf í þágu félagsins. Kærar þakkir fá einnig hinar almennu félagskonur sem starfað hafa ötullega á öðrum vettvangi félagsins. Jafnframt þökkum við samfélaginu öllu fyrir frábært samstarf og stuðning og viljum þakka sérstaklega og enn og aftur, fyrir stórkostlegan stuðning við fjáröflun félagsins á þorablótinu.

Á næstu dögum mun félagið senda frá sér afmælisrit sem verið hefur í vinnslu síðasta árið í tilefni af 70 ára afmæli félagsins 2012. Ritið mun verða sent heim á alla bæi. Ekki var talið tímabært að gefa út sögu félagsins heldur ákvað ritnefnd að tína saman stiklur og setja upp í tímatöflu svo einfalt væri fyrir lesandann að stikla í gegnum sögu félagsins og þá um leið, sögu samfélagsins alls í Hrunamannahreppi. Er það von okkar og trú að þið gefið ykkur tíma til að skoða, lesa og spjalla um þetta rit okkar.

Með góðum kveðjum frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar



Myndir frá árshátíð Flúðaskóla
21.mars sl. Ljós:SigSigm





Karlakór
Hreppamanna

Óperutónleikar

Karlakórs Hreppamanna



Einsöngvarar

Elsa Waage mezzosópran

Gissur Páll Gissurarson tenór

Kórstjóri: Edit Molnár

Píanóleikari: Miklós Dalmay



Tónleikadagar

Sunnudaginn 14. apríl: Árbæjarkirkja Reykjavík kl. 14:00

Viðistaðakirkja Hafnarfirði kl. 17:00

Laugardaginn 20. apríl: Selfoskirkja kl. 15:00

Félagsheimilið á Flúðum kl 20:30

Miðaverð er 2500,-kr.





Smárafréttir

APRÍL 2013



VETRARMÓT Þriðja vetrarmót verður haldið laugardaginn **19 apríl kl 13.00**

Keppt verður í eftirfarandi flokkum :

Pollaflökkur (9 ára og yngri)

Barnaflökkur (10-13 ára)

Unglingaflökkur (14-17 ára)

Ungmennaflokkur (18-21 árs)

Unghrossaflokkur(hross fædd 2008 og 2009)

2 flokkur Fullorðnir

1 flokkur Fullorðnir

Skráning á staðnum frá 12.00 - 12.45

Skráningargjald 500.- skráningin, fritt fyrir
polla og böm, greiðist á staðnum

ATH. EKKI POSI.

Ath breyttan tíma

*Á vetrarmótum Smára þurfa
bæði knapi og eigandi hests
að vera í félaginu. Að gefnu
tílefni hvetjum við fólk að
kynna sér reglur vetrarmóta
sem finna má í heild sinni inn
á www.smafi.is*

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR Nú eru búin tvö mót af þremur í þessari skemmtilegu mátaröð, æskulýðsnefndin hvetur alla krakka sem hafa áhuga á að vera með að vera dugleg að þjálfa hestana sína og mæta á æfingu sem haldin verður **24 apríl en síðasta mótið verður 27 apríl** Hér fyrir neðan má sjá mynd af 5 efstu í þriggangi barna í Uppsveitadeild æskunnar 6 apríl Ljósmynd: Sigurður Sigmundsson



Firmakeppni Smára verður haldin á Flúðum 1 maí
að venju og hefst stundvíslega kl. 14.00



Kept verður í eftirfarandi flokkum :

Pollaflokkur (9 ára og yngri)
Barnaflokkur (10-13 ára)
Unglingaflokkur (14-17 ára)
Ungmennaflokkur (18-21 árs)
Kvennaflokkur
Karlaflokkur
Heldri manna og kvennaflokkur
150 m skelð

*Skráning verður á
staðnum og lýkur
henni kl. 13.50*

*Hvetjum alla til að mæta og gera sér glaðan
dag á einum stærsta viðburði félagsins, hvort
sem er ríðandi, gangandi eða akandi.*



Mentorkerfi hjá hestamannafélaginu Smára

- Átt þú barn sem langar að prófa hestamennsku ?
- Hefur þú áhuga á að koma barninu þínu af stað í hestamennsku en skortir aðstöðu og tækifæri til að komast í kynni við hesta og hestamennsku án þess að þurfa að kaupa hest, reiðtygji og annað sem fylgir ?
- Ert þú foreldri sem ert tilbúin að styðja barnið í hestamennsku og setja hana í forgang í samvinnu við fórnfúsa hesteigendur?
- **Hestamannafélagið Smári fagnar öllum nýjum félögum og aðild að félaginu er gjaldfrí að 16 ára aldri.**
- Ert þú tilbúin(n) að skuldbinda þig í að "taka að þér" áhugasamt barn, kynna því hestamennsku og allt sem tengist henni?
- Hefur þú áhuga á að lofa sem flestum að njóta hestamenskunnar og prófa áður en lagt er af stað í hana á fullum krafti?
- Þetta er einstakt tækifæri sem barninu er veitt og krefst mikils framlagt af hálfu mentors og barnið og foreldrar þess verða að vera tilbúin að leggja sig fram við að kynna sér hestamennsku.

Þeir sem hafa áhuga á að leggja þessu verkefni lið eða taka þátt eru hvattir til að hafa samband við æskulýðsnefndarfulltrúana Vigdís í s.8616652
sydralangholt@emax.is eða Meike í s.6638011 mmeikorka@hotmail.com

**Tillögu að MENTOR kerfinu má lesa í heild sinni inn á
www.smari.is og á facebook síðu Smára.**

Björgunarfélagið Eyvindur

Aðalfundur Björgunarfélagsins Eyvindar var haldinn þann 24. mars síðastliðinn.

Farið var yfir útköll og verkefni seinasta árs. Útköll og hjálparbeiðnir voru 22 talsins sem er aukning um 8 útköll frá árinu áður. 3 útköll flokkuðust undir hæsta forgang. Um 750 tímar hafa farið í námskeið hjá félagsmönnum á seinasta ári, en mikill metnaður hefur verið lagður í menntun félagsmanna. Um 2400 tímar hafa svo farið í fjáraflanir og vinnu.

Síðasta sumar var Subaru legacy bifreið bætt í tækjaflota sveitarinnar. Bíllinn er hugsaður sem forgangsbifreið fyrir sjúkrahóp sveitarinnar sem styttr viðbragð hópsins gífurlega. Sveitin bætti við sig sjúkrabúnaði en ráðist var í kaup á svokallaðri grjónadýnu sem er notuð sem spelkdýna fyrir slasaða einstaklinga sem er mun þægilegri spelkun fyrir sjúkling en bakbretti. Einnig var bætt við einum súrefniskút. 4 nýjir einstaklingar bættust á útkallsskrá Eyvindar 2012 og er gott að fá nýja inni hópinn. Þrír úr Eyvindarhópnum útskrifuðust sem sjúkraflutningamenn á árinu og bætist það í þekkingar banka sveitarinnar og mun nýtast vel, sérstaklega í vettvangshjálparhópnum.

Allir stjórnar meðlimir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu, engin mótframboð komu og var stjórnin endurkjörin með miklu lófaklappi. Stjórn Eyvindar er nú.

Borgþór Vignisson formaður

Baldur Örn Samúelsson varaformaðu og ritari

Óskar Rafn Emilsson gjaldkeri

Steingrímur Jónsson meðstjórnandi

Ágúst Helgi Sigurðsson meðstjórnandi



Kveðja stjórn Eyvindar

bfeyvindur@simnet.is

Vortónleikar Uppsveitasystra

Kvennakórinn Uppsveitasystur verða með vortónleika sína í Aratungu 3. maí. Skemmtileg syngjandi dagskrá í boði sem enginn ætti að missa af. Verður auglýst nánar síðar.

Skýrsla unglíngadeildarinnar Vinds árið 2012

Fyrsta verk unglíngadeildarinnar árið 2012 var að búa til kyndla og taka þátt í „13. brennu“ hátíðarhöldum, þar sem krakkarnir gengu fyrir skróðgöngu frá áhaldahúsinu út að brennu. Margt var gert á árinu og var miðað við að halda fundi aðra hverja viku, á sunnudögum þar sem margir umsjónarmenn eru í skóla annarsstaðar og eru bara heima um helgar. Verkefni fundanna var ýmiskonar kennsla og skemmtun.

Í apríl var farið í helgarferð á Gufuskála með unglíngadeildinni á Selfossi og Grindavík.

Í nóvember var farið í Vatnaskóg þar sem miðnæturíþróttamót var haldið í boði unglíngadeildarinnar á Akranesi, Vindur gerði sér lítið fyrir og vann mótið og kom heim með stóran bikar.

Ekki var haldið landshlutamót þetta árið svo engin sumarferð var farin.

Unglíngadeildin sá um að leika sjúklinga bæði fyrir björgunarfélag Vestmanneyja sem var með skyndihjálparnámskeið á Laugarvatni og einnig fyrir Eyvind.

Unglíngadeildin var með ýmislegt til fjáröflunar, neyðarkallasölu, sá um viðburði við 17. júní hátíðarhöldin, seldi blöðrur, var með andlistsmálun og kassaklífur. Einnig aðstoðaði deildin Eyvind við blómasölu vegna konudagsins, dósatalningu og við gæslu á traktorstorfærinni og bílasýningunni um verslunarmannahelgina.

Í tilefni af 70 ára afmæli sínu gaf kvenfélag Hrunamannahrepps unglíngadeildinni 100.000 kr. Frábær gjöf frá þeim kvenfélagskonum.

7. október var inntaka nýrra félaga en þá komu inn krakkar úr 8. bekk, alls 11 krakkar skráðu sig í deildina. Fjöldi meðlima í deildinni var því 28 stk á seinni hluta ársins.

Umsjónarmenn sem störfuðu voru Halldóra Hjörleifsdóttir, Steinar Már Steinarsson, Flosi Þór Karlsson, Baldur Örn Samúelsson, Daði Geir Samúelsson, Einar Ágúst Hjörleifsson, Maríanna Svansdóttir og Birgir Steinarsson.

Árið hefur verið skemmtilegt og viðburðarríkt og hefur verið gaman að starfa með þessum skemmtilegu krökkum, sem eru í deildinni. Umsjónamennirnir hafa staðið sig frábærlega og það er gott að hafa svona góðan, traustan og duglegan mannskap að vinna með. Ekki má gleyma góðu samstarfi við stjórn og meðlimi Eyvindar.

Allar nánari upplýsingar og myndir úr starfi deildarinnar er að finna á facebooksíðu Vinds.

Fyrir hönd unglíngadeildarinnar Vinds
Halldóra Hjörleifsdóttir.

Írskar gæða kerrur



2ja hásinga kerra m/ bremsum

Mjög sterkbyggðar 2ja hásinga kerrur með timbur botni. Hægt að fá grindur til að hækka skjólborðin og eins uppkeyrslu ramp.

Lengd: 2580 mm

Breidd: 1450 mm

Burðargeta: 1.500 kg

Verð án/vsk

kr. 475.262



Eins hásinga kerra

Mjög sterkbyggðar kerrur á einni hásingu með timbur botni. Hægt að fá grindur til að hækka skjólborðin og eins uppkeyrslu ramp.

Lengd: 2430mm

Breidd: 1340 mm

Burðargeta: 500 kg

Verð án/vsk

kr. 237.472

Rúllugjafahringir fyrir nautgripi og sauðfé



Gjafahringir fyrir stórgripi

Þvermál: 2290 mm

Hæð: 1210 mm

Verð án/vsk.

kr. 39.826

Gjafahringir fyrir sauðfé

Þvermál: 1595 mm

Hæð: 1000 mm

Verð án/vsk.

kr. 34.136



Bitagúmmi á steinbita og timbur



Básamottur

Lengd: 1830 mm

Breidd: 1140 mm



Gunnbjarnarhóli
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is



Hrunamannahreppur

Kjörfundur!

Kjörfundur í Hrunamannahreppi, vegna Alþingiskosninga þann 27. apríl 2013, fer fram í Félagsheimili Hrunamanna.

Kjörfundur mun hefjast kl: 10:00 og standa til 22:00.

Kjósendur eru minntir á að hafa persónuskilríki meðferðis til að gera grein fyrir sér þegar þeir greiða atkvæði.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps



Hrunamannahreppur

Íbúakosning í Hrunamannahreppi!

Samhliða Alþingiskosningum þann 27. apríl 2013 verður íbúakosning í Hrunamannahreppi. Um er að ræða ráðgefandi íbúakosningu vegna gatnamóta við Verslunina Samkaup Strax á Flúðum.

Kjörfundur verður í Félagsheimili Hrunamanna frá kl: 10:00-22:00

Talning fer fram strax að loknum kjörfundi
Kjörstjórn Hrunamannahrepps




Hrunamannahreppur


Kjörskrár vegna Alþingiskosninga þann 27. apríl 2013, og einnig vegna íbúakosningar í Hrunamannahreppi 27. apríl 2013, liggja frammi á Skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, frá 6. apríl 2013 til 26. apríl 2013.

Sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Leið A. T – gatnamót



Leið B. Hringtorg





Frá árshátíð eldri Hrunamanna á Hótel Flúðum 4.apríl sl. Ljós:SigSigm

